

Uppúr skúffunum 2004

Hugmyndasamkeppnin Uppúr skúffunum var haldin í sjötta sinn árið 2004. Verkefnið náði til allra starfsmanna og nemenda við Háskóla Íslands og Landspítala háskólasjúkrahúss. Styrktaraðilar verkefnisins að þessu sinni voru skrifstofa rektors Háskóla Íslands, Tæknipróun hf. og A&P Árnason einkaleyfastofa.



„Retinal Oximeter” sigurvegari 2004

Sigurvegari var verkefnið „Retinal Oximeter” – tæki til að mæla súrefni í augnbotnum. Það eru Einar Stefánsson, prófessor við læknadeild og yfirlæknir á Landspítala Háskólasjúkrahúsi, Jón Atli Benediktsson, prófessor við rafmagns- og tölvuverkfræðiskor Háskóla Íslands og Þór Eysteinnsson, dósent í lífeðlisfræði við HÍ, sem eiga heiðurinn af þessu tæki. Aðrir þátttakendur eru verkfræðingarnir Gísli Hreinn Halldórsson og Róbert A. Karlsson og Sveinn Hákon Harðarson læknanemi.

Tilgangur verkefnisins er að þróa tækjabúnað sem getur metið blóðþurrðarsjúkdóma í augnbotnum manna, án þess að setja nema inn í augað. Slíkt nýtist í algengum sjúkdómum s.s. sykursýki, bláæðastíflum í sjónhimnu og gláku og metur einnig áhrif lyfja og leysimeðferðar.

Verkefnið felur þannig í sér markmið sem beinast að auknum skilningi á eðli og meðferð augnsjúkdóma og þar með betri árangri í blinduvörnum og hins vegar verulegum tækifærum til atvinnuuppbyggingar sem byggir á framleiðslu tækjabúnaðar sem gæti nýst augnlæknum almennt.

Rannsóknahópurinn hefur um þriggja ára skeið unnið að þessum rannsóknum í samvinnu við vísindamenn í háskólanum í Indiana, Kaupmannahafnarháskóla og Stennis Space Centre í Mississippi. Einnig vinna umsækjendur í samstarfi við aðila á Ítalíu, Frakklandi og Bandaríkjunum varðandi myndvinnslu.

„Ímyndir Afríku á Ísland” í 2. sæti

Í 2. sæti varð verkefnið „Ímyndir Afríku á Íslandi” eftir Kristínu Loftsdóttur, lektor í mannfræði við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Aðrir þátttakendur í verkefninu voru tveir meistaranemar í mannfræði, Helga Björnsdóttir og Þórana Dietz. Verkefnið skoðar ímyndir Afríku út frá þvermenningarlegu og sögulegu samhengi sem hefur vísindalegt gildi í alþjóðlegu samhengi. Verkefnið er fræðilegt framlag til umræðu á Íslandi um fjölmennningarlegt samfélag og skoðar mótun sjálfsmýndar og þjóðernis Íslendinga. Um er að ræða brautryðjenda verkefni á Íslandi sem hefur alþjóðlega skírskotun.

„Skipuleg og sjónræn framsetning umræðna í vefkerfi” í 3. sæti

Í 3. sæti varð verkefnið „Skipuleg og sjónræn framsetning umræðna í vefkerfi”. Höfundar þess eru Jóhann P. Malmquist, prófessor við tölvunarfræðiskor Verkfræðideildar HÍ og Guðlaugur Kr. Jörundsson meistaranemi við sömu deild. Samstarfsaðilar eru Morgunblaðið, stjórnmálafræðiskor HÍ og hotMobilemail ehf.

Verkefnið gengur út á hanna vefkerfi sem skipuleggur sjónræna framsetningu umræðna í vefkerfi. Markmiðið er að gera almenningi kleyft að ná yfirsýn á fljótan hátt á umræðum um flókin málefni og stuðla þannig að því að umræður verði betri að gæðum og fljótari í afgreiðslu.